

Fyrirframgreidd laun

Starfsmönnum launadeildar Vestmannaeyjabæjar er óheimilt að greiða starfsmönnum bæjarins laun fyrirfram, nema til þeirra starfsmanna sem fá greidd laun mánaðarlega og eitthvert eftirfarandi atvika eigi við:

- Mistök við uppgjör launa.
- Ekki er hægt af einhverjum ástæðum að afgreiða launagreiðslur í gegnum launadeildina.
- Sérstakar fjárhagslegar aðstæður sem valda því að starfsmenn þurfa nauðsynlega á slíkri fyrirgreiðslu að halda. Slíka fyrirframgreiðslu geta starfsmenn þó einungis fengið einu sinni á hverju almanaksári og getur fjárhæð fyrirframgreiðslunnar orðið að hámarki ca. 50% af útborguðum meðallaunum síðustu þriggja mánaða. Starfsmönnum ber að "greiða" þessa fyrirframgreiðslu til baka síðasta lagi innan tveggja mánaða frá útborguninni.

Samþykkt í bæjarráði Vestmannaeyja 10. september 2008